

Börkur Sigurbjörnsson

Blóðbað

örsaga



Urban Volcano

Blóðbað

Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson
Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



BLÓÐBAÐ

„Hvernig var sturtan?“ spurðir þú þegar ég kom út af baðherberginu með handklæðið sveipað um mig miðjan og gekk yfir að rúminu sem stóð í horni stúdíóíbúðarinnar sem við höfðum fengið lyklavöldin að nokkrum stundum fyrr—rúmgóð ferðamanna íbúð fyrir ofan vinnustofu danska málans í innsveitunum upp frá nyrðri hluta Gautaborgar skerjagardsins. Ég leit yfir stofuna og í áttina til þín þar sem þú sast í hægindastól út við gluggann í hinum enda rýmisins, afslöppuð með teppi yfir öxlunum, opna bók í kjöltunni og horfðir út í skandínávíska haustið handan glersins.

„Góð,“ svaraði ég og hikaði eitt augnablik þar sem ég hugleiddi þá staðreynd að það sturtuferðin hafði verið undarleg á einhvern hátt—á einhvern hátt sem ég hafði ekki gert mér grein fyrir þar til að þú spurðir mig út í það.

„Drýstingurinn var fínn, að ég held,“ hélt ég áfram, hugsandi upphátt. „Réttara sagt var sturtan reglulega kraftmikill, þegar ég hugsa út í það. Hins vegar var lyktin af vatninu dálítið undarleg. Svólítið málmkennd. Eins og blóðlykt. Líklega hefur það eitthvað að gera með steinefnasamsetninguna í berggrunninum hér um slóðir.“

„Kraftmikið blóðbað?“ spurðir þú um leið og þú leist í áttina til mín. „Það hljómar skuggalegt. Svólítill nordic-noir andi yfir vötnum.“

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano